

Viðmið um hönnun gatna í íbúðar- og frístundahverfum í Svalbarðsstrandarhreppi

1. Inngangur

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt eftirfarandi viðmið um hönnun gatna til leiðbeiningar fyrir skipulagshönnuði, hönnuði framkvæmda og framkvæmdaraðila. Viðmiðin skulu höfð að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana og hönnun gatna fyrir íbúðar- og frístundahverfi í Svalbarðsstrandarhreppi.

2. Almennt

Götur í íbúðar- og frístundahverfum skulu hannaðar með það í huga að þær beri þá umferð sem reiknað er með, þ.m.t. umferð vegna aðflutninga á framkvæmdatíma og akstur slökkvibifreiða. Hafa skal í huga að Illa undirbyggðir vegir þola ekki vorleysingar, brattir vegir verða erfiðir í aurbleytu og hættulegir í hálfu og snjó. Óuppbyggðir vegir safna gjarnan á sig snjó og hálfu er gjarnan meira vandamál á bröttum og bugðóttum vegum séu þeir klæddir eða malbikaðir en en á malarvegi.

- Burðarþol vega skal miðast við 8 t öxulþunga að lágmarki.
- Vegir skulu byggðir á a.m.k. 80 sm undirlagi úr frostfríu efni, án tillits til breiddar þeirra eða gerðar að öðru leiti.
- Ef sett er upp umhverfis- og/eða götulýsing í íbúðar- eða frístundahverfi skal hún vera lágstemmd og stefnuvirk til að valda ekki óþarfa ljósmengun og varðveita þau gæði sem myrkrið veitir, s.s. sýn á stjörnur og norðurljós m.a. til hagsbóta fyrir íbúa og ferðapjónustuaðila í sveitarfélaginu.

3. Íbúðargötur

Í íbúðarhverfum skulu götur hannaðar með það í huga að þær geti verið greiðfærar fyrir vegfarendur allan ársins hring, hvort sem þeir eru akandi, gangandi eða hjólandi. Gerðar eru meiri kröfur til gatna í íbúðarbyggð í þéttbýli en í íbúðarbyggð í sveit sbr. kafla 4.4.2 „Íbúðarbyggð í sveitinni“ í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Við hönnun gatna skal horft til þess að lágmarka snjósöfnun og hættu á hálkumyndun og hugað að geymslusvæðum fyrir snjóruðninga. Leitast skal við að hanna vegi þannig að umferðarhraði verði í samræmi við skilgreindan hámarks hraða. Sveitarstjórn gerir eftirtaldar lágmarkskröfur til vega í íbúðarhverfum:

- Ef fjögur hús eða færri standa við götu skal breidd akbrautar að lágmarki vera 4 m, auk 0,5m axla hvoru megin vegar fyrir snjóruðninga. Gert skal ráð fyrir útskotum með jöfnu millibili nema innkeyrslur geti þjónað sama hlutverki.
- Ef fimm hús eða fleiri standa við götu skal breidd akbrautar að lágmarki vera 5m, auk 0,5m axla hvoru megin vegar fyrir snjóruðninga.
- Gera skal ráð fyrir snúningshaus í botnlöngum.
- Langhalli akbrautar skal ekki vera meiri en 9%.
- Langhalli við innkeyrslur að lóðum skal ekki vera meiri en 6%.
- Halli á gatnamótum skal ekki vera meiri en 5%.
- Forðast skal krappar beygjur í miklum langhalla ($r_{min}=25m$).
- Í íbúðarbyggð í skilgreindu þéttbýli skal að lágmarki gert ráð fyrir gangstétt öðru megin vegar og að vegir séu klæddir bundnu slitlagi, malbikaðir eða steiptir.
- Vegir og gangstéttar í skilgreindu þéttbýli skulu lýst upp með hóflegri og stefnuvirkri götulýsingu.

4. Frístundabyggð

Í frístundahúsabyggð eru ekki gerðar sömu kröfur til aðgengis og aðkomuleiða og í íbúðarbyggð. Á það t.d. við um samgöngur að vetri til, bratta og breidd aðkomuleiða, en leitast skal við að nálgast þau viðmið um langhalla og beygjur sem sett eru um götur í íbúðarhverfum eins og kostur er. Sveitarstjórn gerir eftirtaldar lágmarkskröfur til vega í frístundahverfum:

- Breidd akbrautar skal að lágmarki vera 4 m, auk 0,5m axla hvoru meginvegar fyrir snjóruðninga. Gert skal ráð fyrir útskotum með jöfnu millibili nema innkeyrslur geti þjónað sama hlutverki.
- Gera skal ráð fyrir snúningshaus í botnlöngum.

5. Tengivegir í íbúðar- eða frístundahverfum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst:

Við hönnun vega sem tengja saman tvær íbúðargötur eða götur í frístundahverfum eða fleiri, skal gert ráð fyrir meiri umferð en í íbúðargötum. Eftirtalin lágmarksviðmið gilda fyrir tengivegi þar sem hámarkshraði er 30 km:

- Breidd akbrautar skal að lágmarki vera 6m, auk 0,5m axla hvoru megin fyrir snjóruðninga.
- Gera skal ráð fyrir gönguleið meðfram tengivegi.
- Þar sem tengivegur tengist aðalvegi skal að lágmarki vera 10 m kafli þar sem langhalli er 2,5% eða minni.
- Langhalli akbrautar skal ekki vera meiri en 10%. Halli má þó verða allt að 12,5% á 50m kafla með minnst 200m millibili.
- Langhalli við innkeyrslur að lóðum skal ekki vera meiri en 6%.
- Forðast skal krappar beygjur í miklum langhalla ($r_{min} = 25$ m).
- Halli í gatnamótum skal ekki vera meiri en 6%.
- Tengivegir í þéttbýli skulu klæddir bundnu slitlagi, malbikaðir eða steyptir og lýstir upp með hófsamri stefnuvirkri götulýsingu.

6. Tengivegir í íbúðar- eða frístundahverfum þar sem hámarkshraði er 50 km/klst:

Við hönnun vega sem tengja saman tvær íbúðargötur eða götur í frístundahverfum eða fleiri, skal gert ráð fyrir meiri umferð en í íbúðargötum. Eftirtalin lágmarksviðmið gilda fyrir tengivegi þar sem hámarkshraði er 50 km:

- Breidd akbrautar skal að lágmarki vera 6,5m, auk 0,5m axla hvoru megin fyrir snjóruðninga.
- Gera skal ráð fyrir gönguleið meðfram tengivegi.
- Þar sem tengivegur tengist aðalvegi skal að lágmarki vera 10 m kafli þar sem langhalli er 2,5% eða minni.
- Langhalli akbrautar skal ekki vera meiri en 9%. Halli má þó verða allt að 12,5% á 50m kafla með minnst 200m millibili.
- Langhalli við innkeyrslur að lóðum skal ekki vera meiri en 6%.
- Forðast skal krappar beygjur í miklum langhalla ($r_{min} = 25$ m).
- Halli í gatnamótum skal ekki vera meiri en 6%.
- Tengivegir í þéttbýli skulu klæddir bundnu slitlagi, malbikaðir eða steyptir og lýstir upp með hófsamri stefnuvirkri götulýsingu.

7. Undanþágur

Sveitarstjórn getur veitt undanþágur frá ofangreindum viðmiðum á grundvelli rökstuddra erinda ef aðstæður gefa tilefni til.

Samþykkt á 61. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps þann 11. febrúar 2014.